



## AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS YTRA 2016-2028

Skilmálabreyting stakra framkvæmda

24.07.2023

Br. 29.11.2023



## SAMÞYKKTIR

Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010,

með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra þann 8.11.2023



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 19.3.2024



## SKIPULAGSFERLI

Skipulagslýsing aðalskipulagsbreytingar var ekki kynnt, en niðurstaða sveitarstjórnar sem minni háttar breyting hefur þegar verið kynnt.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_

## UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

103071-GRG-001-V03

HÖFUNDUR

Brynja Rán Egilsdóttir/Anna Bragadóttir

RÝNT

Ásgeir Jónsson

## 1 EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir	4
2.1.1	Landskipulagsstefna 2016-2026	4
2.2	Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028	4
2.3	Samræmi breytingar við Landskipulagsstefnu og gildandi aðalskipulag	5
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	5
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	6
1.1	Umhverfispættir og áherslur	6
4.1	Umhverfisáhrif	7
4.1.1	Niðurstaða	7
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	9
5.1	Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar	9
5.2	Skipulagsferlið	9

## 2 INNGANGUR

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með breytingunni er bætt inn ákvæðum um tímabundnar framkvæmdir t.a.m. vegna rannsókna og vinnubúða. Í öllum tilfellum skal þó afla tilskilinna leyfa s.s. framkvæmda- eða byggingarleyfis og eftir atvikum verður gerð krafa um deiliskipulag eða grenndarkynningu.

Skipulagslýsing vegna breytingar var ekki kynnt sérstaklega. Breyting á kafla um stakar framkvæmdir var kynnt sem minni háttar breyting aðalskipulags en Skipulagsstofnun taldi að um fulla breytingu vera að ræða, sem þó hefði fengið kynningu með auglýsingu deiliskipulags vegna vinnubúða við Hvamm og með auglýsingu niðurstöðu sveitarfélags að minni háttar breyting yrði gerð á aðalskipulagi með að heimila tímabundnar framkvæmdir vegna rannsóknastarfsemi og vegna vinnubúða.

## 3 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Í grein 4.3.1 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er fjallað um „*Hvernig farið skuli með stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfi. Hér er átt við smávirkanir, litlar spennistöðvar, minni háttar mannvirki, stök fjarskiptamöstur, stakar vindmyllur o.þ.h. Þetta getur einnig átt við um stök frístundahús, stök íbúðarhús og aðrar mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búrekstur. Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður framangreind mannvirkja gerð er heimil eða óheimil og aðrar skipulagsforsendur fyrir gerð deiliskipulags eða veitingu leyfa til framkvæmda“.*

Sveitarfélagið telur nú þörf á að útvíkka núverandi heimildir kafla 2.3.8. í gildandi aðalskipulagi um stakar framkvæmdir vegna tímabundinna rannsókna og/eða vinnubúða innan sveitarfélagsins.

### 3.1 Tengsl við aðrar áætlanir

#### 3.1.1 Landskipulagsstefna 2016-2026

Um skipulag í dreifbýli segir:

Marka skal stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýlinu og ákvörðun um staðsetningu og hönnun mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhættum. Gæta skal að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og byggð skal ekki ganga að óþörfu á svæði sem henta vel til ræktunar eða eru verðmæt vegna náttúruverndar. Leitast skal við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá.

### 3.2 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Í kafla 2.3.8 í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 er fjallað um Stakar framkvæmdir. Stefna sveitarfélagsins um stakar framkvæmdir er eftirfarandi:

- Stuðla að aukni öryggi íbúa og ferðafólks.
- Styrkja byggð í sveitarfélaginu.
- Auka umhverfisvæna orkunýtingu.
- Stuðla að verndun lands og bættri umgengni um viðkvæm svæði.

Að jafnaði skulu lóðir skilgreindar undir stök mannvirki. Lóðastærðir skulu taka mið af umfangi mannvirkis/framkvæmdar. Þar sem stök mannvirki eru byggð skal ganga vel frá mannvirkjum og nágrenni, allur frágangur og umgengni skal taka mið af umhverfinu. Útlit og ásjúnd skal falla sem best að nánasta umhverfi. Gangu þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

### 3.3 Samræmi breytingar við Landskipulagsstefnu og gildandi aðalskipulag

Rannsóknarstarfsemi vegna nýrra framkvæmda eða aðstaða vegna framkvæmda sem nú þegar eru á skipulagi eru tímabundnar og gert ráð fyrir að slíkar framkvæmdir séu að langmestu leyti afturkræfar og eingöngu til ákveðins mánaðar- eða árafjölda.

Slík uppbygging er því að öllu jöfnu sjálfbær og stuðlar jafnframt að hagkvæmari uppbyggingu á starfsemi innan sveitarfélags í takt við markmið Landsskipulagsstefnu og Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.

## 4 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á greinagerð aðalskipulagsins. Í kafla 2.3.8; Stakar framkvæmdir er bætt við eftirfarandi:

#### Varðandi Mannvirki

- Tímabundnar framkvæmdir eru heimilaðar innan sveitarfélags að undangengnu deiliskipulagi eða þeim leyfisveitingum sem þeim fylgja. Verði um varanlega framkvæmd að ræða skal skilgreina landnotkun í aðalskipulagi.
  - Að jafnaði eru tímabundnar framkvæmdir ekki heimilaðar á skilgreindum verndarsvæðum.
  - Tímabundnar framkvæmdir, eftirlits- og rannsóknarstarfsemi s.s. tilraunaborholur, rannsóknamöstur (allt að 80 m), skoðun jarðefna, tímabundnar vinnubúðir, aðstaða verktaka vegna framkvæmda o.fl.
  - Umfangsmeiri starfsemi s.s. vinnubúðir, vinnuþlön, aðstaða verktaka eða önnur sambærileg aðstaða fyrir fleiri en 20 manns og/eða umfang meira en 0,1 ha skal deiliskipulagt en krafa um deiliskipulag skal metin fyrir aðrar framkvæmdir hverju sinni. Ekki er heimilt að hafa slíka starfsemi lengur en 8 ár.
  - Í umsókn um framkvæmdaleyfi eða í deiliskipulagi skal m.a. koma fram tímalengd framkvæmdar, tilgangur og frágangur svæðis við lok framkvæmdar.

- Að framkvæmd lokinni skal framkvæmdasvæði aðlaga að aðliggjandi svæði, innan 1 árs, þannig að sem minnst áhrif verði. Krafa um frágang skal sett í framkvæmda eða byggingarleyfi eftir því sem við á.

## 5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Breyting aðalskipulags og deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á, skv. gr. 5.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

### 5.1 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni og í deiliskipulaginu verða skoðuð áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfisskýrslu er að finna í töflunni.

**TAFLA 1.** Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
<b>Land og landslag</b> <i>Landslag.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i> <i>Landnotkun</i>	Landsskipulagsstefna 2015-2026 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Staðsetning og hönnun mannvirka skal taka mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum.</li> <li>• Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.</li> </ul> Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Leitast skal við að halda í dreifbýlisyfirbragð í sveitarfélaginu.</li> <li>• Mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað.</li> <li>• Öll landnýting skal vera í samræmi við landgæði og ástand lands.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á landslag og yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan áhrif á landnotkunar möguleika?
<b>Gróður og dýr</b> <i>Gróðurlendi og vistkerfi</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Raskist gróið land vegna framkvæmda skal að lágmarki ígildi þess gróðurs sem tapast grætt upp.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á vistkerfi?
<b>Heilbrigði</b> <i>Mengun og hávaði.</i>	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Öll mannvirki skulu hafa fráveitu sem viðurkennd er af heilbrigðiseftirliti.</li> <li>• Leitast skal við að vera með sameiginlega fráveitu og tryggja gott aðgengi að hreinsivirkjum.</li> </ul>	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins?
<b>Samfélag</b> <i>Atvinnulíf.</i> <i>Ferðaþjónusta.</i>	Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Stuðla að samkeppnishæfni og eflinu samfélags og atvinnulífs.</li> <li>• Gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.</li> </ul> Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Efla byggð og atvinnulíf, stuðla að fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifærum.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf og ferðaþjónustu?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Náttúru- og menningarminjar <i>Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá. Hverfisvernd. Fornminjar.</i>	Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> <li>Leitast verði við að varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar og bæta upplýsingar um þær.</li> </ul> Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028. <ul style="list-style-type: none"> <li>Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á verndar-svæði og fornminjar?

## 5.2 Umhverfisáhrif

### Breytt skipulag:

**Áhrif á land og landslag eru óveruleg:** Öll uppbygging mannvirkja kemur til með að hafa áhrif á ásýnd, yfirbragð svæða og nýtingu lands. Þó er aðeins um tímabundin áhrif að ræða þar sem hægt verður að fjarlægja mannvirki að fullu og nýta landið undir aðra landnotkun í framtíðinni. Áhersla er lögð á að þegar framkvæmdum lýkur verði framkvæmdarsvæði aðlöguð að aðliggjandi landi til að takmarka áhrif eins og kostur er.

**Áhrif á gróður og lífríki eru óveruleg/óviss:** Ekki er víst hversu mikil áhrif breytingin hefur á gróður og lífríki. Framkvæmdir sem falla undir breytinguna eru með lítið umfang og tímabundnar og ekki líklegt að þær komi til með að hafa teljandi langtímaáhrif.

**Áhrif á heilbrigði eru óveruleg:** Ef farið er eftir viðeigandi lögum og reglum og samstarf haft við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er ekki talið líklegt að breytingin hafi hættu í för með sér.

**Áhrif á samfélag eru jákvæð:** Verið er að tryggja ákveðinn sveigjanleika í landnotkun með því að heimila tímabundna starfsemi sem gæti verið mikilvæg fyrir uppbyggingu sveitarfélagsins, en sem kemur þó ekki í veg fyrir að svæði verði nýtt undir aðra landnotkun í framtíðinni. Áður en framkvæmdir verða heimilaðar og byggingar/starfsleyfi gefin út verður eftir fremsta magni gætt þess að ekki sé verið að ganga á önnur gæði sem svæði hafa fyrir samfélagið, s.s. náttúru- og menningarminjar, verndarsvæði og atvinnu- og ferðamannamöguleika.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óveruleg:** Ekki verða gefin út framkvæmdar/starfsleyfi á þeim svæðum sem eru vernduð út frá náttúru- og menningarsjónarmiðum nema að undangengnu samráðsferli við þar til bæra aðila s.s. Umhverfisstofnun eða Minjastofnun.

### 5.2.1 Niðurstaða

Tímabundnar framkvæmdir, líkt og aðrar framkvæmdir hafa alltaf ásýndaráhrif og eftir atvikum getur verið önnur áhrif s.s. vegna frárennslis, lagna vega/slóða ofl. Ávallt er gert ráð fyrir að framkvæmda verði unnin í samræmi við tilskilin leyfi og eftir atvikum skipulagi og því verði ákvæðum vegna umhverfis- og heilbrigðismála framfylgt. Samhliða er gert ráð fyrir að framkvæmd verði unnin í samráði við landeiganda og eftir atvikum annarra hagsmunaaðila. Því er sveitarfélagið hlynnt því að bæta ákvæðum um tímabundnar framkvæmdir inn í greinargerð aðalskipulags, enda bæði óhagræði og kostnaður sem hlýst af breytingum aðalskipulags. Sérstaklega þar sem um er að ræða framkvæmdir

sem hafa munu tímabundin áhrif en verði um lengri tíma áhrif að ræða, þá mun eftir sem áður þurfa að breyta aðalskipulagi vegna afleiddra framkvæmda s.s. vegna niðurstöður rannsókna.



## 6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ


Ekki var gerð skipulagslýsing vegna breytingarinnar. Breytingin var kynnt sem minni háttar breyting á aðalskipulagi.

### 6.1 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirfarandi aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin

### 6.2 Skipulagsferlið



### 6.3 Breyting að lokinni auglýsingu

Í samræmi við bókun skipulagsnefndar, dags. 2. Nóv. 2023, var bætt inn heimildum um stakar framkvæmdar, m.a. hvað varðar hæð mastra.